



Umhverfis- og skipulagssvið

Hlemmur, reitur 1.240 , umferðarskipulag - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 3. febrúar 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. janúar 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 26. janúar 2022 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlemms og nágrennis, stgr. 1.240, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Umferðarskipulag við Hlemm og Hlemmtorg miðast að því að veita almenningssamgöngum og virkum ferðamátum forgang umfram umferð einkabíla. Það býr til meiri og betri borgarumhverfi þar sem er gaman að vera.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill minna á að það er fólk sem býr við Hlemm. Stundum er eins og það gleymist því svo mikil áhersla er lögð á að byggja upp „stemninguna“. Það eru t.d. engir djúpgámar fyrir íbúa til að koma frá sér rusli. Fyrir þá íbúa sem eiga bíla er ekki vitað hvort þeir megi aka með þungar og miklar vörur/vistir upp að dyrum sínum. Það eru leiðir og leyfi fyrir fyrirtæki að afferma vörur en hvar er leyfið fyrir íbúana? Það er heldur ekkert á svæðinu fyrir börnin. Í gögnum er talað um ofanvatnslausnir sem er orðið tiskuhugtak. Ofanvatnslausnir eru mikilvægar víða um heim, en að þær séu gerðar að einhverju aðalatriði á svæði eins og við Hlemm er hjákátlegt. Hér er næg úrkoma til að vökva plöntur í beðum og á torgum. Annars er ýmislegt ágætt í þessum tillögum. Hlemmur-inn er reyndar ekki fallegur í augum margra. Hús Mathallarinnar myndi þola að byggt væri ofan á það, t.d. inndregin efri hæð og kæmi það í stað nýrra húsa. Götur umhverfis mætti endurbæta með t.d. hellulögn. Svæðin mætti gera mun grænni t.d. með trjágróðri í kerjum og afmarka svæði útveitingar og leiksvæði.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:
Hjálagt: